



FVSA

Könnun á meðal félagsmanna FVSA – þjónusta félagsins og kröfugerð
Febrúar – apríl 2022

Efni kynningarinnar

1. Framkvæmd
2. Þjónusta félagsins
3. Orlofsíbúðir
 - Notkun
 - Verð
 - Staðsetning
 - Aðgengi
 - Húsbúnaður
 - Hreinlæti, þrif
4. Sameining
5. Áherslur
6. Fjarvinna
7. Kosning í stjórn lífeyrissjóða
8. Húsnæði
9. Samantekt





1. Framkvæmd



Framkvæmdalýsing

Lýsing á rannsókn

Unnið fyrir	FVSA
Markmið	Að skoða hug félagsmanna varðandi kröfugerð í komandi kjarasamningum. Einnig að mæla viðhorf til þjónustunnar sem félagið veitir og þróun þar á.
Framkvæmdatími	25. febrúar - 1. apríl 2022
Aðferð	Netkönnun
Úrtak	1538 úr félagaskrá FVSA
Verknúmer	4032896

Stærð úrtaks og svörun

Úrtak	1538
Svara ekki	890
Fjöldi svarenda	648
Þátttökuhlutfall	42,1%

Reykjavík, 22. apríl 2022

Bestu þakkir fyrir gott samstarf,

Tómas Bjarnason
Íris Björg Birgisdóttir
Berglind Aradóttir
Sarah Knappe

Þátttaka lakari en 2018. Svarhlutfall nú 42%
en var 58%.
Álíka mörg svör núna (648) og 2018 (661).

Könnunin var á íslensku, ensku og pólsku og
völdu svarendur það tungumál sem þeir vildu
svara á í upphafi könnunar.
638 svöruðu á íslensku en aðeins 10 á öðru
tungumáli.



2. Þjónusta félagsins


Sp. 1. Hefur þú nýtt þér eitthvað af eftirfarandi á síðustu 12 mánuðum hjá FVSA?

	Fjöldi	%	+/-
Þjónustu frá orlofssjóði, svo sem sumarbústaði, íbúðir, orlofsstyrk, útilegukort, flugmiða eða gistimiða	284	44,8	3,9
Upplýsingar af heimasíðu	258	40,7	3,8
Sjúkrasjóð, svo sem sjúkradagpeningar, heilsueflingarstyrkir ásamt öðrum styrkjum	222	35,0	3,7
Styrki vegna starfstengdra námskeiða og náms, tómsundanáms eða ferðakostnaðar	137	21,6	3,2
Fréttablað félagsins	101	15,9	2,8
Aðstoð við kjaramál	32	5,0	1,7
Nei, hef ekki nýtt mér þjónustu FVSA á sl. 12 mánuðum	150	23,7	3,3
Fjöldi svara	1.184		
Tóku afstöðu	634	97,8	
Tóku ekki afstöðu	14	2,2	
Fjöldi svarenda	648	100,0	

Sjúkrasjóður er mun meira nýttur af konum (41%) en körlum (28%) og einnig af fólki á miðjum aldri (34-47%) en minnst hjá yngsta hópnum (13%).

Hann er einnig meira nýttur af fólki í lágu starfshlutfalli (32-40%) og fólki sem ekki er við vinnu (41%).

Skoðun á **heimasíðu** og **aðstoð við kjaramál** tengist ekki kyni, aldri, starfshlutfalli eða tekjum



Notkun á **orlofssjóði** eykst með hækkandi aldri og er mest meðal fólki sem ekki er í vinnu (54%).

Lestur **fréttablaðs** eykst einnig með hækkandi aldri.


Yngri félagsmenn (31-36%) nýta **námskeið** meira en eldri (10-22%). Það gerir einnig fólki í fullu starfi (40%) frekar en fólki í hlutastarfi (15-25%).

Í þessari spurningu mátti nefna fleiri en einn svarmöguleika. Hlutfallstölur eru því reiknaðar eftir fjölda þeirra sem tóku afstöðu en ekki fjölda svara.


Sp. 2. Hversu ánægð(ur) eða óánægð(ur) ertu með þjónustu FVSA?

	Fjöldi	%	+/-
Mjög ánægð(ur) (5)	291	47,7	4,0
Frekar ánægð(ur) (4)	218	35,7	3,8
Hvorki né (3)	88	14,4	2,8
Frekar óánægð(ur) (2)	8	1,3	0,9
Mjög óánægð(ur) (1)	5	0,8	0,7
Ánægð(ur)	509	83,4	2,9
Hvorki né	88	14,4	2,8
Óánægð(ur)	13	2,1	1,1
Fjöldi svara	610	100,0	
Tóku afstöðu	610	94,1	
Tóku ekki afstöðu	38	5,9	
Fjöldi svarenda	648	100,0	
Meðaltal (1-5)	4,3		
Víkmörk ±	0,1		

Þróun



Samanburður - Meðaltal (1-5)



** Samanburður við Stéttarfélagsskannanir sem Gallup hefur gert síðan árið 2009.


■ Mjög ánægð(ur) ■ Frekar ánægð(ur) ■ Hvorki né ■ Frekar óánægð(ur) ■ Mjög óánægð(ur) ■ Meðaltal (1-5)

Marktæk og jákvæð breyting verður á ánægju með þjónustu FVSA milli mælinga.

Ánægja félagsmanna er meiri en að jafnaði í könnunum Gallup fyrir stéttarfélög. Konur eru ánægðari (85%) með þjónustuna en karlar (82%) – eins og gengur og gerist.



Ekki er munur á ánægju með þjónustuna eftir því hvaða þjónustu fólk hefur fengið – sem er óvenjulegt.

Þeir sem ekki hafa fengið þjónustu á síðustu 12 mánuðum eru óánægðari en aðrir félagsmenn og er það eins og gengur og gerist.



Sp. 25. Fyndist þér auðvelt eða erfitt að leita upplýsinga eða stuðnings hjá FVSA, ef þú þyrftir á að halda?

	Fjöldi	%	+/-
Mjög auðvelt (5)	205	35,2	3,9
Frekar auðvelt (4)	271	46,6	4,1
Hvorki né (3)	87	14,9	2,9
Frekar erfitt (2)	16	2,7	1,3
Mjög erfitt (1)	3	0,5	0,6
Auðvelt	476	81,8	3,1
Hvorki né	87	14,9	2,9
Erfitt	19	3,3	1,4
Fjöldi svara	582	100,0	
Tóku afstöðu	582	89,8	
Tóku ekki afstöðu	66	10,2	
Fjöldi svarenda	648	100,0	
Meðaltal (1-5)	4,1		
Víkmörk ±	0,1		



Almennt finnst félagsmönnum auðvelt að leita upplýsinga eða stuðnings hjá félaginu.

Konum finnst auðveldara (83%) að leita upplýsinga eða stuðnings hjá félaginu en körlum (80%).

Einnig má sjá að félagsmönnum finnst það auðveldara með hækkandi aldri.

Sp. 26. Viltu koma einhverju á framfæri varðandi starfsemi eða þjónustu til félagsins?

Þið fáið hrós dagsins frá mér.

Takk fyrir snögga og góða þjónustu

Mjög ánægður með þjónstuna.

Gott félag.

Fyrirmyndarfélag.

Gott starfsfólk.

Hef alltaf fengið góða þjónustu og gott viðmót hjá starfsfólki.

Önnur atriði nefnd tengdust orlofsíbúðum:

Auka fjölda orlofsíbúða þar sem gæludýra hald væri leyft.

Aðbúnaður bættur í orlofsíbúðum.

Lyklabox fyrir orlofsíbúðir í Reykjavík í stað þess að nálgast lykla á skrifstofu FVSA.




3. Orlofsíbúðir

Sp. 3. Félagið á 7 íbúðir í Reykjavík, 3 bústaði á Illugastöðum og Skógarsel í Vaglaskógi. Hefur þú einhvern tímunn nýtt þér eitthvað af þessum húsum/íbúðum?

	Fjöldi	%	+/-
Já, Mánatún í Reykjavík	349	55,3	3,9
Já, bústað á Illugastöðum	223	35,3	3,7
Já, Skógarsel í Vaglaskógi	142	22,5	3,3
Nei, hef ekki nýtt mér	189	30,0	3,6
Fjöldi svara	903		
Tóku afstöðu	631	97,4	
Tóku ekki afstöðu	17	2,6	
Fjöldi svarenda	648	100,0	


Í þessari spurningu mátti nefna fleiri en einn svarmöguleika. Hlutfallstölur eru því reiknaðar eftir fjölda þeirra sem tóku afstöðu en ekki fjölda svara.

Mun fleiri hafa nýtt sér íbúðir félagsins. Nýting allra íbúða vex með hækkandi aldri. Aðeins fimmtungur 45 ára og eldri hafa ekki nýtt sér neina íbúð, en 70% 18-24 ára hafa ekki nýtt sér neina íbúð.



Hver er þín skoðun á verðlagningu á vikuleigu á orlofsíbúðum og -húsum? Finnst þér eftirfarandi verð of há, hæfileg, eða of lág?



Almenn ánægja er með verðlagninguna á íbúðunum, ef frá er talið Skógarsel. Í öllum öðrum tilvikum er góður meirihluti sem segir að verðið sé „hæfilegt.“



Konur telja oft en karlar að verðið sé of hátt. Þá er mat á verði almennt tengt tekjum og starfshlutfalli. Þar sem fleiri í hópi tekjulágra og þeirra sem eru í lægra starfshlutfalli sem telja verðið of hátt. Þetta gildir þó síst um Skógarsel, þar sem meiri samstaða er um að verðið sé hátt.

Sp. 10. Ertu hlynnt(ur) eða andvíg(ur) því að leyfa gæludýr í orlofshúsum félagsins?

	Fjöldi	%	+/-
Mjög hlynnt(ur) (5)	112	18,3	3,1
Frekar hlynnt(ur) (4)	107	17,5	3,0
Hvorki né (3)	126	20,6	3,2
Frekar andvíg(ur) (2)	107	17,5	3,0
Mjög andvíg(ur) (1)	160	26,1	3,5
Hlynnt(ur)	219	35,8	3,8
Hvorki né	126	20,6	3,2
Andvíg(ur)	267	43,6	3,9
Fjöldi svara	612	100,0	
Tóku afstöðu	612	94,4	
Tóku ekki afstöðu	36	5,6	
Fjöldi svarenda	648	100,0	
Meðaltal (1-5)	2,8		
Víkmörk ±	0,1		




Mjög skiptar skoðanir eru varðandi að leyfa gæludýr í orlofshúsum.

Hlutfall andvígra (43,6%) er meira en þeirra sem eru hlynntir (35,85%)

Ekki er munur á viðhorfi kynjanna, en yngri félagsmenn 18-44 ára eru mun jákvæðari (40-58%) gagnvart því að leyfa gæludýr en eldri félagsmenn (17-38%)

Vinsamlegast gefðu eftirfarandi þáttum í bústöðunum/íbúðunum einkunn frá 1-10 þar sem 1 þýðir mjög slæmt en 10 mjög gott





Allar íbúðir/orlofshús frá almennt mjög góða einkunn frá notendum. Helst eru tækifæri varðandi húsbúnað á Illugastöðum. Almennt er ekki breyting á mati fólk frá síðustu mælingu.



4. Sameining

Sp. 23. Ertu hlynnt(ur) eða andvíg(ur) því að FVSA skoði sameiningu við önnur stéttarfélög?

	Fjöldi	%	+/-
Mjög hlynnt(ur) (5)	43	7,8	2,3
Frekar hlynnt(ur) (4)	105	19,2	3,3
Hvorki né (3)	231	42,2	4,1
Frekar andvíg(ur) (2)	101	18,4	3,2
Mjög andvíg(ur) (1)	68	12,4	2,8
Hlynnt(ur)	148	27,0	3,7
Hvorki né	231	42,2	4,1
Andvíg(ur)	169	30,8	3,9
Fjöldi svara	548	100,0	
Tóku afstöðu	548	84,6	
Tóku ekki afstöðu	100	15,4	
Fjöldi svarenda	648	100,0	
Meðaltal (1-5)		2,9	
Víkmörk ±		0,1	



Mjög skiptar skoðanir eru til sameiningar við önnur stéttarfélög. Áberandi minni stuðningur er við samningu nú, en síðast. Ríflega 30% eru andvígir í könnuninni núna en hlutfallið var 22% í síðustu könnun. Hlutfall hlyntra sömuleiðis minna 27% í ár en var 33,4%.

Sp. 24. Hvort af þessu tvennu myndir þú heldur kjósa?

	Fjöldi	%	+/-
Sameiningu verslunar- og skrifstofufólks á landsvísu undir merkjum VR	66	55,9	9,0
Sameiningu við félög á Eyjafjarðarsvæðinu í deildarskiptu félagi	50	42,4	8,9
Annað	2	1,7	2,3
Fjöldi svara	118	100,0	
Tóku afstöðu	118	79,7	
Tóku ekki afstöðu	30	20,3	
Fjöldi aðspurðra	148	100,0	
Spurðir	148	22,8	
Ekki spurðir	500	77,2	
Fjöldi svarenda	648	100,0	

Þeir sem eru hlyntir því að FVSA skoði sameiningu við önnur stéttarfélög (sp. 23) voru spurðir þessarar spurningar.

Þar sem fáir nefna „Annað“ er þeim sleppt í greiningunum á næstu bls.



- Sameiningu verslunar- og skrifstofufólks á landsvísu undir merkjum VR
- Sameiningu við félög á Eyjafjarðarsvæðinu í deildarskiptu félagi
- Annað




5. Áherslur

Sp. 27. Hvað viltu að FVSA leggi mesta áherslu á í næstu kjarasamningum gagnvart atvinnurekendum?

	Mesta áherslu á			Næst mesta áherslu á			Þriðja mesta áherslu á		
	Fjöldi	%	+/-	Fjöldi	%	+/-	Fjöldi	%	+/-
Tryggja kaupmátt	250	43,9	4,1	105	22,1	3,7	45	11,4	3,1
Sérstaka hækkun lægstu launa	111	19,5	3,3	100	21,0	3,7	58	14,7	3,5
Beinar launahækkningar	123	21,6	3,4	77	16,2	3,3	66	16,7	3,7
Aukin réttindi (t.d. veikindi eða orlofsréttur)	38	6,7	2,0	84	17,6	3,4	93	23,5	4,2
Atvinnuöryggi	36	6,3	2,0	83	17,4	3,4	88	22,3	4,1
Starfsumhverfið	12	2,1	1,2	27	5,7	2,1	45	11,4	3,1
Fjöldi svara	570	100,0		476	100,0		395	100,0	
Tóku afstöðu	570	88,0		476	83,5		395	83,0	
Tóku ekki afstöðu	78	12,0		94	16,5		81	17,0	
Fjöldi aðspurðra	648	100,0		570	100,0		476	100,0	
Spurðir	648	100,0		570	88,0		476	73,5	
Ekki spurðir	0	0,0		78	12,0		172	26,5	
Fjöldi svarenda	648	100,0		648	100,0		648	100,0	

Mikilvægiseinkunn (0-100)



Mikilvægiseinkunn er fengin með eftirfarandi formúlu:

$$\frac{(\text{„Mesta áherslu“} * 100) + (\text{„Næst mesta áherslu“} * 66,6667) + (\text{„Þriðja mesta áherslu“} * 33,3333)}{\text{Fjöldi svara í „Mesta áherslu“}}$$

Langmest áhersla er á að tryggja kaupmátt.

Þau atriði sem félagsmenn leggja næst mesta áherslu á, varða einnig launabáttinn (hækkun lægstu launa og beinar launahækkningar).

Áberandi mestur stuðningur við „**kaupmátt**“ er meðal elstu hópanna (57-76%), hærri tekjuhópa (23-28%) og karla (69%).
 Stuðningur við sérstaka **hækkun lægstu launa** er mest meðal launalægri hópa (44-46%) og fólk í lægra starfshlutfalli (40-51%).

Beinar launahækkningar njóta helst stuðnings yngstu hópanna (44-57%).

Aukin réttindi njóta einnig stuðnings yngri hópanna (33-38%) frekar en þeirra eldri (8-21%).

Sp. 28. Þú merktir við valmöguleikann „Aukin réttindi“ í spurningunni um áherslur. Hvaða réttindi viltu að samninganefnd FVSA leggi áherslu á?

	Fjöldi	%	+/-
Réttindi vegna orlofs	82	40,6	6,8
Réttindi vegna veikinda	69	34,2	6,5
Réttindi við ráðningu og/eða uppsögn	25	12,4	4,5
Réttindi vegna aðbúnaðar á vinnustað	18	8,9	3,9
Annað	8	4,0	2,7
<hr/>			
Fjöldi svara	202	100,0	
Tóku afstöðu	202	94,0	
Tóku ekki afstöðu	13	6,0	
<hr/>			
Fjöldi aðspurðra	215	100,0	
Spurðir	215	33,2	
Ekki spurðir	433	66,8	
<hr/>			
Fjöldi svarenda	648	100,0	



- Réttindi vegna orlofs
- Réttindi vegna veikinda
- Réttindi við ráðningu og/eða uppsögn
- Réttindi vegna aðbúnaðar á vinnustað
- Annað

Þar sem fáir nefna „Annað“ er þeim sleppt í greiningunum á næstu bls.

Þeir sem merktu við valmöguleikann „Aukin réttindi“ (sp. 27) voru spurðir þessar spurningar.

Það sem nefnt var í „Annað“:

- Allt að vissu leyti.
- Allt fyrir ofan.
- Ég vil að allir atvinnurekendur fái bréfpóst til áminningar um styttingu vinnuviku.
- Réttindi vegna andlát maka/barna/foreldra.
- Réttindi vegna andláts foreldra eða nákomins ættingja. Ríkisstarfsmenn fá leyfi á launum en við ekki.
- Réttindi vegna veikinda barna, 7 dagar á ári er bara bull - sérstaklega fyrir einstæða foreldra og foreldra ungra barna.
- Stytta vinnuvikuna.
- Veikindarétt þegar börn eldri en 12 ára veikjast alvarlega.

Áberandi meiri áhersla er hjá körlum (50%) á orlofsréttindi en konum (37%).
Aftur á móti meiri áhersla kvenna (43%) á veikindarétt en karla (24%).


Sp. 29. Hvað af eftirfarandi áherslum telur þú að FVSA eigi að hafa í næstu kjarasamningum um launahækkunir?

	Fjöldi	%	+/-
Sömu prósentuhækkun fyrir alla	72	14,3	3,1
Sömu krónutöluhækkun fyrir alla	147	29,3	4,0
Blandaða leið, prósentuhækkun með ákveðnu lágmarki í krónum	133	26,5	3,9
Blandaða leið, prósentuhækkun með ákveðnu lágmarki og hámarki í krónum	142	28,3	3,9
Annað	8	1,6	1,1
Fjöldi svara	502	100,0	
Tóku afstöðu	502	77,5	
Tóku ekki afstöðu	146	22,5	
Fjöldi svarenda	648	100,0	

Þar sem fáir nefna „Annað“ er þeim sleppt í greiningunum á næstu bls.

Það sem nefnt var í „Annað“:

- Enga hækkun launa, tryggja áframhaldandi lága vexti íbúðarlána.
- Hækka persónuafslátt og skattleysismörk.
- Hækka persónuafslátt, fyrirtæki velja hækkuninni annars út í kerfið og þá græðir enginn.
- Hækka persónuafslátt.
- Hækkka persónuafslátt hann heldur alltaf verðgildi sínu, alltaf því það er sama krónutala, myndi alltaf vilja 25 þúsund kr. hækkun. Ríkið fær alltaf þessa peninga tilbaka, fátækir kaupa meira brauð og mat.
- Styttri vinnutíma fyrir sömu laun.
- Það á ekki að einblína á launahækkunir heldur verðbólgu og kaupmátt.
- Því miður fáum við aldrei hækkun launa það er búið að taka hana af okkur um leið.



- Sömu prósentuhækkun fyrir alla
- Sömu krónutöluhækkun fyrir alla
- Blandaða leið, prósentuhækkun með ákveðnu lágmarki í krónum
- Blandaða leið, prósentuhækkun með ákveðnu lágmarki og hámarki í krónum
- Annað

Áhersla á krónutöluhækkun vex með aldri. Með sama hætti er mestur áhugi á prósentuhækkun meðal yngsta hópsins.

Þegar spurt var svipaðrar spurningar 2018 voru flestir sem völdu krónutöluhækkun og næst flestir blandaða leið. Nú velja flestir, eins og áður sagði, blandaðar leiðir



- Hækkun launa í krónutölum
- Bæði og / hækkun launa í krónutölu og prósentum (%)
- Hækkun launa í prósentum (%)

Sp. 30. Hvað af eftirfarandi telur þú að leggja eigi mesta áherslu á í kjarasamningum til að efla réttindi félagsmanna FVSA?

	Mesta áherslu á			Næst mesta áherslu á			Þriðja mesta áherslu á			Mikilvægiseinkunn (0-100)
	Fjöldi	%	+/-	Fjöldi	%	+/-	Fjöldi	%	+/-	
Áunnin réttindi fylgi launafólki milli vinnuveitenda	272	50,5	4,2	53	11,2	2,8	50	11,8	3,1	60,1
Auka sveigjanleika starfsmanna vegna starfsloka	57	10,6	2,6	88	18,6	3,5	50	11,8	3,1	24,6
Stytta vinnuvikuna	70	13,0	2,8	59	12,4	3,0	59	13,9	3,3	23,9
Semja um sérstakan veikindarétt vegna umönnunar t.d. foreldra eða maka	37	6,9	2,1	83	17,5	3,4	84	19,9	3,8	22,3
Fjölga orlofsdögum / frídögum	41	7,6	2,2	87	18,4	3,5	58	13,7	3,3	22,0
Auka stuðning atvinnurekenda við heilsueflingu starfsmanna	38	7,1	2,2	67	14,1	3,1	66	15,6	3,5	19,4
Aldurstengja orlofsréttindi / frídaga	24	4,5	1,7	37	7,8	2,4	56	13,2	3,2	12,5
Fjöldi svara	539	100,0		474	100,0		423	100,0		
Tóku afstöðu	539	83,2		474	87,9		423	89,2		
Tóku ekki afstöðu	109	16,8		65	12,1		51	10,8		
Fjöldi aðspurðra	648	100,0		539	100,0		474	100,0		
Spurðir	648	100,0		539	83,2		474	73,1		
Ekki spurðir	0	0,0		109	16,8		174	26,9		
Fjöldi svarenda	648	100,0		648	100,0		648	100,0		

Mikilvægiseinkunn er fengin með eftirfarandi formúlu:

$$\frac{((\text{„Mesta áherslu“} * 100) + (\text{„Næst mesta áherslu“} * 66,6667) + (\text{„Þriðja mesta áherslu“} * 33,3333))}{\text{Fjöldi svara í „Mesta áherslu“}}$$

Langmest áhersla er á að áunnin réttindi fylgi launafólki milli vinnuveitenda, af þeim atriðum sem fólk gat tekið afstöðu til.

Stuðningur við „**færanleika réttinda**“ er heldur meiri meðal eldri félagsmanna (57-72%) en yngri og frekar meðal kvenna (67%) en karla (52%).

Stuðningur við „**sveigjanleg starfslok**“ er mestur meðal elsta hópsins (48%) og karla (30%) og **stytting vinnuvikunnar** mestur meðal yngsta hópsins (36%).

„**Stuðningur við heilsueflingu**“ nýtur einnig mesta stuðnings yngsta hópsins (41%).

Stuðningur við **fjölgun orlofsdaga** er mestur meðal fólks á barneignaraldri.

Sp. 31. Hvað af eftirfarandi telur þú að eigi að leggja áherslu á í næstu kjarasamningum varðandi fræðslu og símenntun?

	Fjöldi	%	+/-
Fjölga tækifærum til símenntunar á vinnutíma	149	32,2	4,3
Kostnaður vegna símenntunar verði niðurgreiddur í auknum mæli	149	32,2	4,3
Semja um launað námsleyfi eftir tiltekinn árafjölda í starfi	144	31,1	4,2
Fjölga tækifærum til ólaunaðs námsleyfis	16	3,5	1,7
Annað	5	1,1	0,9
Fjöldi svara	463	100,0	
Tóku afstöðu	463	71,5	
Tóku ekki afstöðu	185	28,5	
Fjöldi svarenda	648	100,0	

Þar sem fáir nefna „Annað“ er þeim sleppt í greiningunum á næstu bls.



- Fjölga tækifærum til símenntunar á vinnutíma
- Kostnaður vegna símenntunar verði niðurgreiddur í auknum mæli
- Semja um launað námsleyfi eftir tiltekinn árafjölda í starfi
- Fjölga tækifærum til ólaunaðs námsleyfis

Þrír svarkostir fá því sem næst sömu niðurstöðu, en fáir völdu að áhersla yrði á ólaunað námsleyfi.


Sp. 32. Ef samið yrði um aukinn orlofsrétt, hvaða útfærsla myndi henta þér best?

	Fjöldi	%	+/-
Fjölga almennum orlofsdögum / frídögum	294	55,3	4,2
Semja um sérstakt vetrarfrí	231	43,4	4,2
Annað	7	1,3	1,0
Fjöldi svara	532	100,0	
Tóku afstöðu	532	82,1	
Tóku ekki afstöðu	116	17,9	
Fjöldi svarenda	648	100,0	

Þar sem fáir nefna „Annað“ er þeim sleppt í greiningunum á næstu bls.

Það sem nefnt var í „Annað“:


- Aldurstenging, 30 daga orlof við 30 ára aldur líkt og hjá mörgum félögum.
- Frí sér í takt við skólalokanir yngstu barna 1.-5. bekkjar og/eða leikskólabarna. Þ.e. vetrarfrí og slíkar lokanir. En þó ekki allt sumarið sem skólarnir eru lokaðir, mætti þó vera aðeins lengra sumarfríið fyrir einstæða foreldra til að dekkja skólalokanir hjá 1.-5. bekk.
- Lokað milli jóla og nýárs.
- Mér finnst ekki þörf á auknum orlofsrétti.
- Möguleika á að selja orlofsdaga.
- Sveigjanlegri frítökutími.
- Við erum ekki með frídaga. Semja um útborguð laun, það eina sem gildir.



Mestur stuðningur er við „**fjölgun orlofsdaga almennt**“ en lítið eitt minni við **sérstakt vetrarfrí**. Stuðningur við sérstakt vetrarfrí eykst skýrt með hækkandi aldri.

Sp. 33. Í síðustu kjarasamningum var samið til fjögurra ára. Hvað telur þú að verkalýðshreyfingin eigi að semja til langs tíma í komandi samningaviðræðum?

	Fjöldi	%	+/-
Til eins árs	18	3,5	1,6
Til tveggja ára	134	26,1	3,8
Til þriggja ára	139	27,1	3,8
Til fjögurra ára	199	38,8	4,2
Til meira en fjögurra ára	23	4,5	1,8
Fjöldi svara	513	100,0	
Tóku afstöðu	513	79,2	
Tóku ekki afstöðu	135	20,8	
Fjöldi svarenda	648	100,0	



Flestir velja þann svarkost að semja til **fjögurra ára**.

Athuga verður þó að meirihluti velur skemmri tíma en fjögur ár – eða samtals 57% velja 1-3 ár en samtals velja 43% fjögur ár eða meira.

Yngra fólk og tekjulægra fólk vill frekar semja til skemmri tíma en þeir sem eru eldri og tekjuhærri vilja frekar semja til lengri tíma.

Sp. 34. Hvað af eftirfarandi viltu að FVSA leggi mesta áherslu á í næstu samningum gagnvart stjórnvöldum?

	Mesta áherslu á			Næst mesta áherslu á			Þriðja mesta áherslu á			Mikilvægiseinkunn (0-100)
	Fjöldi	%	+/-	Fjöldi	%	+/-	Fjöldi	%	+/-	
Stuðla að lækkun vaxta	86	15,2	3,0	95	18,2	3,3	66	13,8	3,1	30,3
Hækka persónuafslátt	84	14,9	2,9	85	16,3	3,2	89	18,6	3,5	30,1
Afnema eða draga úr tekjutengingum bóta- og lífeyrisgreiðslna	117	20,7	3,3	47	9,0	2,5	45	9,4	2,6	28,9
Afnema verðtryggingu neytendalána	72	12,7	2,7	63	12,1	2,8	40	8,4	2,5	22,5
Efla heilbrigðiskerfið	42	7,4	2,2	59	11,3	2,7	79	16,5	3,3	19,1
Tryggja stöðugleika á fasteignamarkaði	38	6,7	2,1	58	11,1	2,7	69	14,4	3,2	17,6
Hækka barnabætur	67	11,9	2,7	33	6,3	2,1	26	5,4	2,0	17,3
Hækka vaxtabætur	25	4,4	1,7	27	5,2	1,9	28	5,9	2,1	9,3
Hækka greiðslur í fæðingarorlofi	23	4,1	1,6	29	5,6	2,0	14	2,9	1,5	8,3
Efla tengingu milli skóla og atvinnulífs	11	1,9	1,1	26	5,0	1,9	22	4,6	1,9	6,3
Fjöldi svara	565	100,0		522	100,0		478	100,0		
Tóku afstöðu	565	87,2		522	92,4		478	91,6		
Tóku ekki afstöðu	83	12,8		43	7,6		44	8,4		
Fjöldi aðspurðra	648	100,0		565	100,0		522	100,0		
Spurðir	648	100,0		565	87,2		522	80,6		
Ekki spurðir	0	0,0		83	12,8		126	19,4		
Fjöldi svarenda	648	100,0		648	100,0		648	100,0		

Mikilvægiseinkunn er fengin með eftirfarandi formúlu:

$$\frac{((\text{„Mesta áherslu“} * 100) + (\text{„Næst mesta áherslu“} * 66,6667) + (\text{„Þriðja mesta áherslu“} * 33,3333))}{\text{Fjöldi svara í „Mesta áherslu“}}$$

Þrír kostir fá álíka mikið vægi í heildina, **lækkun vaxta**, **hækkun persónuafsláttar** og **minni tekjuteningar**.

Minni tekjuteningar fá mestan stuðning í því sem fólk leggur mesta áherslu á (fyrsta val).

Meiri áhersla er á **lækkun vaxta** meðal karla og tekjuhærri félagsmanna.

Afnám tekjuteningar er mest áberandi meðal þeirra sem eru eldri og þeirra sem ekki eru starfandi eins og er.

Hækkun persónuafsláttar nýtur álíka mikils stuðnings meðal allra hópa.



6. Fjarvinna

Sp. 35. Vinnur þú núna fjarvinnu eða hefur þú unnið fjarvinnu að einhverju leyti síðustu 12 mánuði?

	Fjöldi	%	+/-
Já	206	35,2	3,9
Nei	380	64,8	3,9
Fjöldi svara	586	100,0	
Tóku afstöðu	586	90,4	
Tóku ekki afstöðu	62	9,6	
Fjöldi svarenda	648	100,0	



Ríflega þriðjungur hefur unnið einhverja fjarvinnu og síðustu 12 mánuðum.

Þar af tæpur helmingur sem segist hafa unnið einn dag eða meira í viku hverri.

Flestir hinna hafa unnið minna en einn dag í viku.

Karlar (40%) hafa frekar unnið fjarvinnu en konur (31%) og tekjuhærri (39-64%) frekar en tekjulægri félagsmenn (17-19%).



Helst fólk á aldrinum 35-64 ára (40-43%) en minna í yngri (22%) og eldri hópunum (10%).

Ekki er almennt mikill kynjamunur á fjarvinnu.

Sp. 37. Hversu ánægð(ur) eða óánægð(ur) ertu með vinnuaðstöðu þína heima til að sinna fjarvinnu?

	Fjöldi	%	+/-
Mjög ánægð(ur) (5)	53	26,0	6,0
Frekar ánægð(ur) (4)	86	42,2	6,8
Hvorki né (3)	44	21,6	5,6
Frekar óánægð(ur) (2)	15	7,4	3,6
Mjög óánægð(ur) (1)	6	2,9	2,3
Ánægð(ur)	139	68,1	6,4
Hvorki né	44	21,6	5,6
Óánægð(ur)	21	10,3	4,2
Fjöldi svara	204	100,0	
Tóku afstöðu	204	99,0	
Tóku ekki afstöðu	2	1,0	
Fjöldi aðspurðra	206	100,0	
Spurðir	206	31,8	
Ekki spurðir	442	68,2	
Fjöldi svarenda	648	100,0	
Meðaltal (1-5)	3,8		
Víkmörk ±	0,1		



Þeir sem vinna eða hafa unnið í fjarvinnu á sl. 12 mánuðum (sp. 35) voru spurðir þessarar spurningar.



Ánægja með vinnuaðstöðu heima er almennt nokkuð mikil. Ekki er mikill munur á ánægju eftir bakgrunnspáttum

Sp. 38. Hve mikinn eða lítinn áhuga hefur þú á að halda áfram að vinna starf þitt í fjarvinnu heima?

	Fjöldi	%	+/-
Mjög mikinn (5)	40	19,9	5,5
Frekar mikinn (4)	48	23,9	5,9
Hvorki né (3)	44	21,9	5,7
Frekar lítinn (2)	39	19,4	5,5
Mjög lítinn (1)	30	14,9	4,9
Mikinn	88	43,8	6,9
Hvorki né	44	21,9	5,7
Lítinn	69	34,3	6,6
Fjöldi svara	201	100,0	
Tóku afstöðu	201	97,6	
Tóku ekki afstöðu	5	2,4	
Fjöldi aðspurðra	206	100,0	
Spurðir	206	31,8	
Ekki spurðir	442	68,2	
Fjöldi svarenda	648	100,0	
Meðaltal (1-5)	3,1		
Víkmörk ±	0,2		



Þeir sem vinna eða hafa unnið í fjarvinnu á sl. 12 mánuðum (sp. 35) voru spurðir þessarar spurningar.

Meiri áhugi er á heimavinnu hjá þeim sem vinna mikið heima (70-85%) – mestur áhugi hjá þeim sem vinna alla daga heima (85%) .
Meiri áhugi er einnig hjá þeim sem eru tekjulægri (74-89%) en minni hjá þeim sem eru tekjuhæstir (63-69%).


Tæplega 44% hafa mikinn áhuga á að halda áfram að vinna fjarvinnu heima. Yfirleitt hefur það komið fram í könnunum Gallup að áhugi þeirra sem vinna meiri fjarvinnu heima er meiri en hinna sem vinna ekkert, lítið eða stopult heima.



7. Kosning í Stjórn lífeyrissjóða

Sp. 39. Ertu hlynnt(ur) eða andvíg(ur) því að sjóðfélagar lífeyrissjóða fái að kjósa fulltrúa í stjórn síns sjóðs beinni kosningu?

	Fjöldi	%	+/-
Mjög hlynnt(ur) (5)	158	32,6	4,2
Frekar hlynnt(ur) (4)	147	30,4	4,1
Hvorki né (3)	152	31,4	4,1
Frekar andvíg(ur) (2)	8	1,7	1,1
Mjög andvíg(ur) (1)	19	3,9	1,7
Hlynnt(ur)	305	63,0	4,3
Hvorki né	152	31,4	4,1
Andvíg(ur)	27	5,6	2,0
Fjöldi svara	484	100,0	
Tóku afstöðu	484	74,7	
Tóku ekki afstöðu	164	25,3	
Fjöldi svarenda	648	100,0	
Meðaltal (1-5)	3,9		
Víkmörk ±	0,1		



Meiri hluti (63%) þátttakenda er hlynntur því að sjóðfélagar fái að kjósa fulltrúa í stjórn síns sjóðs með beinni kosningu.

Karlar eru hlynntari (73%) því en konur (54%).

Eftir því sem þátttakendur eru eldri þeim mun hlynntari eru þeir að fá að kjósa fulltrúa.

Þá má einnig sjá aukið hlutfall hlynntara meðal tekjuhærri hópa en tekjulægri hópa.

Sp. 40. Er eitthvað annað sem þú vilt að FVSA eða verkalyðshreyfingin leggi áherslu á í komandi kjarasamningaviðræðum, annaðhvort gagnvart atvinnurekendum eða stjórnvöldum?

Atriði nefnd voru tengd:

Styttingu vinnutímans

Tengt húsnæðismálum; Styðja ungt fólk og láglæuna fólk - auka leiguframboð, stofnun nýs verkamannabústaða kerfis

Tengt launamálum; áhersla á lægstu laun og lágmarka verðbólgu.

Stöðugleika; viðhalda stöðugleika og lágu vaxtastigi.





8. Húsnæði

Sp. 41. Í hvernig húsnæði býrð þú?

	Fjöldi	%	+/-
Eigin húsnæði	490	81,8	3,1
Leiguhúsnæði á almennum markaði	33	5,5	1,8
Leiguhúsnæði á vegum Bjargs, Búfesti eða Búmanna	19	3,2	1,4
Leiguhúsnæði á vegum leigufélaga	13	2,2	1,2
Leiguhúsnæði á vegum sveitarfélags	7	1,2	0,9
Leiguhúsnæði á vegum skóla, á görðum eða heimavist	6	1,0	0,8
Bý í foreldrahúsum eða í fríu húsnæði	28	4,7	1,7
Annað	3	0,5	0,6
Fjöldi svara	599	100,0	
Tóku afstöðu	599	92,4	
Tóku ekki afstöðu	49	7,6	
Fjöldi svarenda	648	100,0	

Þar sem fáir nefndu „Annað“ er þeim sleppt í greiningunum á næstu bls.



Flestir búa í eiginhúsnæði. Ekki er mikill munur eftir kyni eða aldri á þeim sem eru í leiguhúsnæði. Tekjulægri (16-28%) eru fremur á leigumarkaði en tekjuhærri félagsmenn (5-12%).

Sp. 42. Telur þú þig búa við húsnæðisöryggi eða telur þú að þú gætir misst leiguhúsnæðið þitt fyrirvaralítið?

	Fjöldi	%	+/-
Ég tel mig búa við húsnæðisöryggi	47	63,5	11,0
Hvorki né	11	14,9	8,1
Ég tel mig geta misst húsnæðið fyrirvaralítið	16	21,6	9,4
Fjöldi svara	74	100,0	
Tóku afstöðu	74	94,9	
Tóku ekki afstöðu	4	5,1	
Fjöldi aðspurðra	78	100,0	
Spurðir	78	12,0	
EKKI spurðir	570	88,0	
Fjöldi svarenda	648	100,0	

Þeir sem eru á leigumarkaði (sp. 41) voru spurðir þessarar spurningar.




■ Ég tel mig búa við húsnæðisöryggi ■ Hvorki né ■ Ég tel mig geta misst húsnæðið fyrirvaralítið

Flestir telja sig búa við húsnæðisöryggi.
Karlarnir (72%) fremur en konur (58%) telja sig búa við húsnæðisöryggi.

Sp. 43. Hvert er starfshlutfall þitt í þínu aðalstarfi?


	Fjöldi	%	+/-
100%	377	69,8	3,9
75-99%	37	6,9	2,1
51-74%	30	5,6	1,9
50% eða lægra	42	7,8	2,3
Er ekki í vinnu eins og er	54	10,0	2,5
Fjöldi svara	540	100,0	
Tóku afstöðu	540	83,3	
Tóku ekki afstöðu	108	16,7	
Fjöldi svarenda	648	100,0	
Meðaltal (%)	91,2		
Víkmörk ±	1,6		
Staðalfrávik	18,9		



Karlar (92%) eru frekar í 100% starfi en konur (67%).

Fólk á aldrinum 35-64 er frekar í 100% starfi (79-86%) en yngstu aldurshóparnir, 18-34 ára, og elsti aldurshópurinn.

Félagsmenn í tekjulægri hópnum eru síður í 100% starfi en þeir sem eru í hærri tekjuhópnum.



Samantekt



• Þjónusta félagsins

- **Aukning** meðal félagsmanna **að nýta sér þjónustu FVSA.**
- Flestir nýtt sér þjónustu frá orlofssjóði. Notkun orlofssjóðs mest meiri eftir því sem félagsmenn eru eldri og meðal fólk ekki í vinnu.
- Lestur fréttablaðs eykst með hækkandi aldri
- **Yngri félagsmenn (31-36%) nýta námskeið meira en eldri (10-22%).** Sömuleiðis fólk í fullu starfi (40%) frekar en fólk í hlutastarfi (15-25%).
- **Sjúkrasjóður meira nýttur af konum (41%) en körlum (28%)** sem og fólki á miðjum aldri (34-47%) og minnst hjá yngsta aldurshópnum (13%).
- **Marktæk jákvæð breyting á ánægju með þjónustu FVSA milli mælinga.** Meiri en er að jafnaði í könnunum Gallup fyrir stéttarfélög.
- Konur ánægðari (85%) en karlar (82%). Ekki er munur á ánægju eftir því hvaða þjónustu fólk hefur fengið. Þeir sem ekki hafa fengið þjónustu síðustu 12 mánuði eru óánægðari.
- **Félagsmönnum finnst almennt auðvelt að leita upplýsinga eða stuðnings hjá félaginu.** Konum finnst það auðveldara (83%) en körlum (80%).

• Orlofsíbúðir

- **Mun fleiri hafa nýtt sér íbúðir félagsins.** Nýting vex með hækkandi aldri.
- Almenn ánægja með verðlagningu á íbúðunum fyrir utan Skógarsel.
- **Skiptar skoðanir með dýrahald í orlofsíbúðum.** Hlutfall andvígara (43,6%) en hlyntra (35,85%). Yngri (40-58%) jákvæðari en eldri (17-38%).

Samantekt



- **Sameining**

- Áberandi minni stuðningur er við samningu nú, en síðast. Ríflega 30% eru andvígir í könnuninni núna en hlutfallið var 22% í síðustu könnun. Hlutfall hlyntra sömuleiðis minna 27% í ár en var 33,4%.

- **Áherslur**

- Atvinnurekendur: Langmest áhersla á að tryggja kaupmátt. Mesti stuðningur við kaupmátt meðal elstu hópanna (57-76%), hærri tekjuhópa (23-28%) og meðal karla (69%).
- Beinir launahækkunir og aukinn réttindi (veikindi og orlofsréttindi) njóta helst stuðnings yngstu hópanna.
- Fæstir vilja sömu prósentuhækkun fyrir alla. Flestir velja sömu krónutöluhækkun fyrir alla eða blandaða leið. Áhersla á krónutöluhækkun vex með aldri. Mestur áhugi á prósentuhækkun meðal yngsta hópsins.
- Réttindi félagsmanna: Mesta áhersla á að áunnin réttindi fylgi launafólki milli vinnuveitanda. Mestur stuðningur við því er meðal eldri félagsmanna (57-72%) sem og meðal kvenna (67%) en karla (52%).
- Stuðningur við heilsueflingu nýtur mesta stuðnings yngsta hópsins (41%).
- Fjölgun orlofsdaga meðal fólks á barneignaldri.
- Mestur stuðningur við fjölgun orlofsdaga almennt (55,3%) undir aukinn orlofsrétt en lítið eitt minna við sérstakt vetrarfrí (43,4%)
- Flestir vilja semja til fjögurra ára í næstu kjarasamninga (38,8%). Samanlagt hlutfall þeirra sem velja 3 ár eða skemur er meira eða 57%.
- Stjórnvöldum: Lækkun vaxta, hækkun persónuafsláttar og minni tekjutengingar voru atriði valin af þátttakendum sem áherslur í samningum við stjórnvöld.

Samantekt



- **Fjarvinna**

- Þriðjungur hefur unnið einhverja fjarvinnu síðustu 12 mánuði. Tæpur helmingur af þeim unnið einn dag eða meira í viku. Karlar (40%) hefur frekar unni fjarvinnu en konur (31%).
- Ánægja (68,1%) með vinnuaðstöðu heima mikil.
- Tæplega 44% hafa mikinn áhuga á að halda áfram að vinna fjarvinnu heima.
- Meiri áhugi er á heimavinnu hjá þeim sem vinna mikið heima (70-85%) – mestur áhugi hjá þeim sem vinna alla daga heima (85%) .

- **Kosning í stjórn lífeyrissjóða**

- Meirihluti (63%) þátttakenda er hlynntur því að sjóðsfélagar fái að kjósa fulltrúa í stjórn síns sjóðs með beinni kosningu.
- Karlar eru hlyntari (73%) því en konur (54%).

- **Húsnæði – starfshlutfall**

- Flestir búa í eiginhúsnæði. Tekjulægri (16-28%) eru fremur á leigumarkaði en tekjuhærri félagsmenn (5-12%).
- Flestir telja sig búa við húsnæðisöryggi. Karlar (72%) fremur en konur (58%) telja sig búa við húsnæðisöryggi.
- Flestir í 100% starfi sem er svipað og árið 2018. Færri eru í 51-99% svarhlutfalli en fleiri í undir 50% starfi.